

7. gr.

Á skilti á aðalvél skipa skal tilgreind gerð, framleiðslunúmer og smíðaár, skráð afl og snúningshraði vélarinnar.

Skiltið skal vera úr varanlegu efni og skal það tryggilega fest utanvert á framhlið vélar eða ofan á hana þannig að ekkert skyggi á það. Skal áletrunin vera vel læsileg og með greinilegu letri.

8. gr.

Óheimilt er að gera breytingar á aðalvélum og búnaði sem hefur áhrif á afl þeirra án samþykkis Siglingastofnunar Íslands.

Siglingastofnun Íslands, eða öðrum aðilum sem stofnunin virðurkennir, er heimilt að framkvæma aukaskoðanir á aðalvélum skipa til að sannreyna að vélar og búnaður þeirra sé í samræmi við skráð afl.

9. gr.

Eigandi skal greiða fyrir kostnað vegna skoðunar á vélum og búnaði þeirra, samþykkt teikninga og annarra gagna, og aðra skoðun, sem framkvæmd er af starfsmönnum Siglingastofnunar Íslands, eða annars aðila sem stofnunin viðurkennir.

10. gr.

Brot gegn ákvæðum þessarar reglugerðar varða refsingum samkvæmt VII. kafla laga um eftirlit með skipum, nr. 35/1993, 14. gr. laga um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavara nr. 113/1984 og 21. – 25. gr. laga um skráningu skipa nr. 115/1985.

11. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 5. mgr. 3. gr. laga nr. 35/1993 um eftirlit með skipum með síðari breytingum, 13. gr. laga nr. 113/1984 um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavara á íslenskum skipum með síðari breytingum og 4. gr. laga nr. 115/1985 um skráningu skipa með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um skráningu á afli aðalvéla nr. 143/1984.

Samgönguráðuneytinu, 16. júlí 2003.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

AUGLÝSING

um tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir „Velli 2. áfanga“ í Hafnarfirði.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 10. júní 2003 tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir „Velli 2. áfanga“ í Hafnarfirði. Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 14. ágúst 2003.

F.h. bæjarskipulags Hafnarfjarðar,

Lilja Grétarsdóttir arkitekt.